


Apríl 2025

Atviksáætlun vegna hópslysa



Lögreglan á Suðurlandi
Almannavarnarnefndir Árnessýslu,
Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu og
Hornafjarðar

**Viðbragðsáætlun vegna hópslysa á
Suðurlandi**

**Unnin af
Lögreglustjóranum á Suðurlandi,
Almannavarnarnefnd Árnessýslu
Almannavarnarnefnd Rangárvalla og V-Skaftafellssýslu
Almannavarnarnefnd Hornafjarðar**

**Athugasemdir við áætlunina skal senda til Almannavarna
á Suðurlandi í netfangið**

almannavarnirsudurland@logreglan.is

EFNISYFIRLIT

1.	Inngangur	4
2.	staðhættir og hættur	5
2.1.	Almennt	5
3.	Virkjun	5
3.1.	Hópslys	6
4.	Starfssvæði	7
4.1.	Móttökustaður (MÓT)	7
4.2.	Biðsvæði bjarga (BB)	7
4.3.	Slysstaður og næsta nágrenni - SLY	7
4.4.	Söfnunarsvæði slasaðra - SSS	7
4.5.	Söfnunarsvæði látinna - SSL	7
4.6.	Gæslustörf á vettvangi	7
4.7.	Söfnunarsvæði aðstandenda - SSA	8
4.8.	Fjöldahjálparstöð (FHS)	8
5.	SÉRTÆKUR KAFLI	9
6.	VERKEFNI VIÐBRAGÐSAÐILA	10
6.1.	Neyðarlínan 112	10
6.2.	Aðgerðastjórn	10
6.3.	Lögreglan Suðurlandi	10
6.4.	Vettvangsstjórn	11
6.5.	Svæðisstjórn svæði 3, 15 og 16 eftir atviki	11
6.6.	Sjúkraflutningar Heilbrigðisstofnunar Suðurlands	11
6.7.	Slökkvilið svæðisins	12
6.8.	Björgunarsveitir á svæði 3, 16 og 15 eftir atviki	12
6.9.	Heilbrigðisstofnun Suðurlands	12
6.10.	Rauði kross Íslands	13
6.11.	Samráðshópur um áfallahjálpi í umdæminu	13
6.12.	Vegagerðin	13

1. INNGANGUR

Atvikaáætlun þessi er byggð á stjórnskipulagi aðgerðastjórnar á Suðurlandi og styðst við lög sem þar eru tilgreind. Hún er unnin af lögreglustjóranum á Suðurlandi og almannavarnarnefndum í umdæminu.

Lögreglustjórinn á Suðurlandi, í samvinnu við almannavarnarnefndir í umdæminu, ber ábyrgð á virkni áætlunarinnar og að þessir aðilar vinni saman að uppfærslum og lagfæringum á henni. Ritstjórn og ábyrgð á henni eru á hendi lögreglustjórans á Suðurlandi. Atvikaáætlunin skal vera lifandi plagg og uppfært í samræmi við þróun og breytingar eins og nauðsynlegt þykir út frá aðstæðum á hverjum tíma, í samstarfi við viðkomandi einingar.

Boðunarlista hjá Neyðarlínunni skal yfirfara og uppfæra eins oft og þörf krefur og eigi sjaldnar en árlega.

Allir sem tengjast áætluninni skulu taka saman verkáætlun með gátlistum hvernig þeir leysa þau verkefni sem þeim eru falin. Uppfærsla gátlista er á ábyrgð viðkomandi starfseiningar.

Lögreglustjórinn á Suðurlandi skal beita sér fyrir því að hópslysaáætlun sé æfð reglulega, í það minnsta á tveggja ára fresti.

Áætlunin miðast við verkþáttaskipunir SÁBF vegna aðgerða á slysavettvangi.

Viðbragðsáætlunin tekur gildi

05.03.2025

Áætlunin er rafrænt undirrituð

2. STAÐHÆTTIR OG HÆTTUR

2.1. Almennt

Aðstæður og staðhættir fara eftir staðsetningu og veðurfari á slysstað á hverjum tíma.

Viðbragðsáætlun þessi getur einnig nýst í þeim tilfellum þar sem ekki hefur verið unnin viðbragðsáætlun fyrir óskilgreint atvik.

3. VIRKJUN

Neyðarlínan 112 annast virkjun og boðun samkvæmt áætlun þessari að beiðni eins af eftirtöldum aðilum og stofnar aðgerð í aðgerðagrunni almannavarna:

Almannavarnardeild ríkislögreglustjóra

Lögreglustjórinn á Suðurlandi

Þegar ákveðið er að virkja viðbragðsáætlunina skulu ofangreindir aðilar afla frekari upplýsinga til ákvarðanatöku um háskastig og upplýsa Neyðarlínu til boðunar:

Neyðarlínu skal þá boða út skv. gildandi boðunaráætlun hvaða háskastig skuli virkja:

- **NEYÐARSTIG**
- **Forgang og lit RAUÐUR**
- **Líklega staðsetningu** atburðar í hnitum skv. korti
- **Annað ef þarf**

Við boðun stofnar lögreglan aðgerð í aðgerðagrunni og deilir með öðrum viðbragðsaðilum.

Neyðarlínan tryggir boðun og upplýsir bjargir á talhóp **Blár 8 – 0**.

Boðunaráætlanir halda utan um hvaða einingar eru innan hvers viðbragðshóps.

3.1. Hópslys

Neyðarlínan 112 boðar:

NEYÐARSTIG – Hópslys - Suðurland

Boðunarhópar fyrir Hópslys - Suðurland

Teams hlekkur

Aðgerðarstjórn

Lögregla, Slökkvilið,

Sjúkraflutningar. Svæðisstjórnir,

Rauði krossinn á Íslandi,

Heilbrigðisstofnun Suðurlands

AST mætir á Teams fund og ákveður frekari viðbúnað

Stjórnsýslan

Móttaka boð og sinna hlutverkum sínum

DAGLEGT VIÐBRAGÐ HEFUR VERIÐ BOÐAÐ Í VERKEFNIÐ

4. STARFSSVÆÐI

4.1. Móttökustaður (MÓT)

<u>Staðsetning:</u>	Ákvörðun AST
<u>Verkpáttastjóri:</u>	Flutningsstjóri
<u>Hverjir sinna:</u>	Svæðisstjórn björgunarsveita

4.2. Biðsvæði bjarga (BB)

<u>Staðsetning:</u>	Ákvörðun AST
<u>Verkpáttastjóri:</u>	Flutningsstjóri
<u>Undirstjórnandi:</u>	Samkvæmt ákvörðun flutningsstjóra
<u>Hverjir sinna:</u>	Lögreglan Svæðisstjórn björgunarsveita

4.3. Slysstaður og næsta nágrenni - SLY

<u>Verkpáttastjóri:</u>	Björgunarstjóri
<u>Hverjir sinna:</u>	Slökkvilið, lögregla, sjúkraflutningamenn, björgunarsveitir

4.4. Söfnunarsvæði slasaðra - SSS

<u>Staðsetning:</u>	Ákvörðun VST / læknis
<u>Verkpáttastjóri:</u>	Aðhlynningarstjóri
<u>Hverjir sinna:</u>	Læknir, greiningarsveit, sjúkraflutningamenn, björgunarsveit, RKÍ

Athugið að huga strax að skjóli nálægt húsnæði eða tjald.

4.5. Söfnunarsvæði látinna - SSL

<u>Staðsetning:</u>	Ákvörðun AST / VST
<u>Verkpáttastjóri:</u>	Gæslustjóri
<u>Hverjir sinna:</u>	Lögregla, kennslanefnd, aðrir samkvæmt ákvörðun VST.

Hafa skal samráð við rannsakendur um meðferð látinna.

4.6. Gæslustörf á vettvangi

<u>Verkpáttastjóri:</u>	Gæslustjóri
<u>Ytri lokun</u>	Ákvörðun AST
<u>Innri lokun</u>	Ákvörðun VST
	AST skal huga að hjáleíð ef mögulegt er til að liðka fyrir umferð.
<u>Hverjir sinna:</u>	Lögreglan Björgunarsveitir

4.7. Söfnunarsvæði aðstandenda - SSA

Staðsetning:	Ákvörðun AST / RKÍ.
<u>Ábyrgð:</u>	Aðgerðastjórn (ATH, er ekki undir stjórn vettvangsstjórnar ATH).
<u>Stjórnandi:</u>	Rauði krossinn stjórnar innri starfsemi á SSA í umboði AST og upplýsir AST um stöðu mála hverju sinni.
<u>Hverjir sinna:</u>	Rauði krossinn, áfallateymi.

4.8. Fjöldahjálparstöð (FHS)

<u>Staðsetning:</u>	Ákvörðun RKÍ í samráði við AST.
<u>Ábyrgð:</u>	AST (ATH, er ekki undir stjórn vettvangsstjórnar). Rauði krossinn stýrir opnun og starfrækir fjöldahjálparstöð.
<u>Stjórnandi:</u>	Rauði krossinn stjórnar innri starfsemi á FHS í umboði AST og upplýsir AST um stöðu mála hverju sinni.
<u>Hverjir sinna:</u>	Rauði krossinn

5. SÉRTÆKUR KAFLI

[notkun þessa kafla misjöfn eftir atviksáætlunum]

Ónotaður í þessari atviksáætlun.

6. VERKEFNI VIÐBRAGÐSAÐILA

6.1. Neyðarlínan 112

Upphafstalhópur Blár 8 – 0, þar til fyrirmæli eru gefin um annað.

Neyðarstig

- ☐ Tekur á móti beiðni frá AVD/LSL um að virkja atvikaáætlun vegna hópsslyss.
- ☐ Virkjar viðbragðsáætlun með SMS-boðum.
- ☐ Tilbúin að senda umferðarupplýsingar með SMS á svæðið, ef um það er beðið.
- ☐ Annast boðun valdra bjarga að ósk AST.

6.2. Aðgerðastjórn

Upphafstalhópur Blár 8 – 0, þar til fyrirmæli eru gefin um annað.

Neyðarstig

- ☐ Tekur á móti tilkynningum frá Neyðarlínu og mætir á Teams-fund.
- ☐ AST virkjuð.
- ☐ Virkjar innra skipulag aðgerðastjórnar.
- ☐ Tryggir samskipti við SST, lögreglu, VST, ef það er virkjað.
- ☐ Tekur afstöðu til hvort útvíkka þurfi fjarskiptaskipulag í samráði við VST.
- ☐ Tryggir upplýsingaflæði til eininga innan AST.
- ☐ Hugar að lokunarpóst, ef við á.
- ☐ Þarf skjól á vettvangi, hvar er næsta kerra með tjaldi.
- ☐ Gerir stöðumat á HSU.
- ☐ Gerir stöðumat á samgöngum.
- ☐ Gerir stöðumat á björgum í umdæminu.

6.3. Lögreglan Suðurlandi

Upphafstalhópur Blár 8 – 0, þar til fyrirmæli eru gefin um annað.

Neyðarstig

- ☐ **Stofnar aðgerð í aðgerðargrunni og deilir með öðrum viðbragðsaðilum**
- ☐ Aðalvarðstjóri/varðstjóri á Selfossi mætir á Teams-fund.
- ☐ Mætir í AST í björgunarmiðstöð.
- ☐ Skipar vettvangsstjóra sem fer með stjórn.
- ☐ Tilnefnir gæslustjóra.
- ☐ Færir bjargir lögreglu til eftir atvikum.
- ☐ Biður AST um að útvega aðstoð frá öðrum umdæmum, ef við á.
- ☐ Tryggir rannsóknarhagsmuni og sinnir rannsókn.
- ☐ Tryggir að RNSA sé upplýst.

6.4. Vettvangsstjórn

Upphafstalhópur Blár 8 – 0, þar til fyrirmæli eru gefin um annað.

Neyðarstig

- ☐ Virkjar tafarlaust vettvangsstjórn og stjórnar aðgerðum á vettvangi.
- ☐ Skipar í stöður samkvæmt verkþáttarskipuriti SÁBF eftir atvikum.
- ☐ Tekur afstöðu til hvort útvíkka þurfi fjarskiptaskipulag í samráði við AST.
- ☐ Tryggir hlustun á AST og verkþáttastjóra.
- ☐ Kallar eftir frekari björgum frá AST, ef þörf er á.

6.5. Svæðisstjórn svæði 3, 15 og 16 eftir atviki

Upphafstalhópur Blár 8 – 0, þar til fyrirmæli eru gefin um annað.

Neyðarstig

- ☐ Móttaka tilkynninga frá Neyðarlínu.
- ☐ Tengist inn á Teams-fund vegna frekara skipulags.
- ☐ Svæðisstjórn á svæði 3 sendir fulltrúa í AST.
- ☐ Sendir fulltrúa í VST þar sem við á.
- ☐ Tryggir uppsetningu á MÓT og skipar flutningsstjóra.
- ☐ Gerir ráðstafanir að einhver geti farið með tjald að vettvangi ef kallað er eftir því.
- ☐ Tryggir upplýsingaflæði til björgunarsveita á sínu svæði.

6.6. Sjúkraflutningar Heilbrigðisstofnunar Suðurlands

Upphafstalhópur Blár 8 – 0, þar til fyrirmæli eru gefin um annað.

Neyðarstig

- ☐ Sjúkrabifreið send á SLY, SSS og / eða sjúkrahús eftir mat læknis.
- ☐ Tiltækar sjúkrabörur teknar með.
- ☐ Tiltækur skyndihjálparbúnaður tekinn með.
- ☐ Bráðaflokkun á slysstað er undir stjórn aðhlynningarstjóra.

[Heimasíða](#)

6.7. Slökkvilið svæðisins

Upphafstalhópur Blár 8 – 0, þar til fyrirmæli eru gefin um annað.

Neyðarstig

- ☐ Slökkviliðsstjóri eða staðgengill viðkomandi svæðis tilnefnir mann í vettvangsstjórn.
- ☐ Tilnefnir björgunarstjóra.
- ☐ Sendir þann hóp á staðinn sem þarf miðað við aðstæður.
- ☐ Koma þarf í veg fyrir og slökkva eld.
- ☐ Bregðast við mengun, hindra útbreiðslu og hreinsa upp.
- ☐ Björgun á föstu fólki úr farartækjum og / eða mannvirkjum.
- ☐ Að loknu slökkvistarfi og björgun úr flaki hlúa slökkviliðsmenn að þolendum og aðstoða við flutning þeirra á SSS eða í næsta fánlega skjól.
- ☐ Bráðaflokkun á slysstað er undir stjórn aðhlynningarstjóra.
- ☐ Bakland viðkomandi slökkviliðs er fulltrúi BÍ í AST.
- ☐ Tryggir samskiptaleiðir og hlustun.

6.8. Björgunarsveitir á svæði 3, 16 og 15 eftir atviki

Upphafstalhópur Blár 8 – 0, þar til fyrirmæli eru gefin um annað.

Neyðarstig

- ☐ Tekur á móti boði frá Neyðarlínu.
- ☐ Gerir sig klára með þann búnað sem beðið er um.
- ☐ Skráir í aðgerðagrunn tæki og mannskap á leið í verkefnið.
- ☐ Tiltækur skyndihjálparbúnaður tekinn með.
- ☐ Bráðaflokkun á slysstað er undir stjórn aðhlynningarstjóra.
- ☐ Gefur sig fram á MÓT.
- ☐ Bíður frekari fyrirmæla.

6.9. Heilbrigðisstofnun Suðurlands

Upphafstalhópur Blár 8 – 0, þar til fyrirmæli eru gefin um annað.

Neyðarstig

- ☐ Viðbragðsstjórn tekur á móti tilkynningum frá Neyðarlínu og upplýsir starfsfólk.
- ☐ Virkjar innra skipulag stofnunarinnar.
- ☐ Sendir fulltrúa í VST.
- ☐ Undirbýr viðbragðssveit fyrir brottför á vettvang.
- ☐ Stjórnandi viðbragðssveitar gefur sig fram við vettvangsstjóra við komu á vettvang.
- ☐ Viðbragðssveit tekur að sér stjórn áverkamats.
- ☐ Annað starfsfólk sjúkrahúss undirbýr móttöku og umönnun þolenda, sem sendir verða á sjúkrahúsið.
- ☐ Yfirfara þarf búnað, birgðir og áhöld til hópslysamóttöku og koma tafarlaust boðum til aðgerðastjórnar um það sem vanta muni til hópslysamóttöku.

6.10. Rauði kross Íslands

Neyðarstig

- ☐ Bakvakt/neyðarmiðstöð tekur á móti tilkynningum frá Neyðarlínu.
- ☐ Sendir fulltrúa í AST/SST.
- ☐ Starfar samkvæmt innri áætlun RKÍ
- ☐ Fylgist með framvindu og undirbýr opnun á fjöldahjálparstöðvum ef á þarf að halda.
- ☐ Upplýsir deildir í umdæminu.

[Heimasíða](#)

6.11. Samráðshópur um áfallahjálp í umdæminu

Neyðarstig

- ☐ Hópstjóri samráðshóps tekur á móti tilkynningum frá Neyðarlínu.
- ☐ Hópstjóri boðar aðra meðlimi hópsins.
- ☐ Fulltrúi samráðshóps tryggir samskipti við AST.
- ☐ Tryggir upplýsingaflæði til samstarfsaðila.
- ☐ Starfar samkvæmt innra skipulagi samráðshóps um áfallahjálp.
- ☐ Fulltrúar samráðshóps upplýsa stofnanir er sinna áfallahjálp og kalla jafnframt eftir upplýsingum.

6.12. Vegagerðin

Neyðarstig

- ☐ Miðstöð tekur á móti tilkynningum Neyðarlínu.
- ☐ Virkjar viðbragðsáætlun fyrirtækis og gerir ráðstafanir.
- ☐ Tryggir samskipti við AST eða sendir fulltrúa í AST, sé þess óskað.
- ☐ Kannar hvort unnt sé að nota hjáleirðir fyrir almenna umferð meðan sjúkraflutningar standa yfir.
- ☐ Kannar stöðu vegaförum á akstursleiðum sjúkrabíla.
- ☐ Tryggir að til staðar séu tæki og búnaður til að halda nauðsynlegum vegum opnum.

[Heimasíða](#) [Vegasjá](#) [Umferðin](#)